



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

51. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennarastofunni 23. júlí 1980. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, formaður, Eggert Ólafsson, Hilmar Þórarinnsson (Njarðvík), Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Þórður Gíslason, Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari og Valtýr Guðjónsson, ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist:

- I. Samþykkt var að mæla með Konráði Ásgrímssyni sem kennara í sálarfræði, Árna Hólm og Gísla Torfasyni sem stærðfræðikennurum, báðum í 2/3 hluta starfs. Nefndin taldi ráðningu sögukennara ekki tímabæra.
- II. Formaður rakti aðdraganda að kaupum verknámshúss af Einari Gunnarssyni, sbr. 50. fundargerð frá 15. júlí s.l. Forráðamenn sveitarfélaganna hafa kynnt sér niðurstöður umræðna, en þeim ber að greiða 40% kaupverðs ef um semst. Fyrsta greiðsla, kr. 35.000.000- þrjátíu og fimm milljónir króna á að fara fram 1. ágúst næstkomandi. Nefndarmenn höfðu allir umboð til samninga, og voru kaupin samþykkt samhljóða, en nokkrir nefndarmenn vöktu athygli á að fjárskortur hrjáir sveitarfélögin ævinlega á þessum árstíma. Töldu þeir torvelt sökum tímaskorts að reiða fram fyrstu greiðslu. Formanni og skólameistara var falið að leita úrræða við vanda þessum.
- III. Valtýr afhenti nefndarmönnum yfirlit um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna gagnvart skólanum eins og hún var 1. júlí síðastliðinn.
- IV. Skólameistari ræddi um tölvuvinnslu sem fyrir skólann er unnin í Reiknistofnun Háskólans., þ.e. stundatöflugerð og námsferilsskráningu. Taldi hann ýmsa annmarka fylgja tölvuvinnslu þar og lýsti þeim. Lagði hann til að samið yrði við Sparisjóðinn í Keflavík um framkvæmd þessara verka. Skýrði hann frá viðræðum við forráðamenn sparisjóðsins og forstöðumann Reiknistofnunar Háskólans sem fram hafa farið varðandi þetta mál. Unnt virðist að framkvæma tilfærsluna í tveimur eða þremur áföngum, en áður þarf að leita samþykkis allra aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Skólanefndin lýsti einróma samþykki sínu og fól skólameistara að vinna að framgangi málsins.

V. Skólameistari gat þess að tvö útboðsverk væri nú í gangi, þ.e. utanhúss-
málningin og innrétting eðlisfræðistofu. Liti út fyrir að þeim verkum
lyki fyrir skólasetningu í haust. Þá gat hann þess að menntamálaráðuneytið
óskaði skýrslugerðar um fasteignir skólans, staðsetningu þeirra, mat, stærð,
aldur o.fl.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson og Jón Böðvarsson sömdu fundargerðina.